

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð Styrktarfélags krabbameinssjúkra barna (Styrktarsjóð SKB).

### 1. gr.

Foreldrar krabbameinssjúkra barna stofna hér með sjóð, sem heitir Styrktarsjóður Styrktarfélags krabbameinssjúkra barna (Styrktarsjóður SKB). Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

### 2. gr.

Stofnfé sjóðsins er framlag SKB að fjárhæð 427 000 kr. og skal það haldast óskert. Stjórn sjóðsins skal varðveita eignir hans. Hún skal leitast við að ávaxta sjóðinn á sem hagkvæmastan og öruggastan hátt þannig að hann nái að þjóna tilgangi sínum sem best.

### 3. gr.

Tekjur sjóðsins skulu vera:

- A) Vextir og arður af eignum sjóðsins.
- B) Gjafir og áheiti sem SKB kunna að berast.
- C) Fé og annað verðmæti, sem safnast hefur og mun safnast í nafni SKB.
- D) Hagnaður af meðlimagjaldi SKB.
- E) Aðrar tekjur.

### 4. gr.

Markmið sjóðsins:

- A) Að styrkja krabbameinssjúk börn og aðstandendur þeirra fjárhagslega.
- B) Að stuðla að framförum hvað varðar málefni krabbameinssjúkra barna hér á landi.
- C) Að færa hverju barni, sem greinist með krabbamein, að gjöf vissa upphæð í upphafi meðferðar. Stjórn sjóðsins ákveður viðkomandi upphæð fyrir hvert tímabil.

### 5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn. Stjórn SKB skal tilnefna tvo þeirra ásamt tveimur varamönnum, og skulu þeir allir vera stjórnarmenn SKB. Yfirlæknir barnadeildar Landspítalans tilnefnir þann þriðja ásamt varamanni hans.

Tilnefningar skulu gilda í eitt ár í senn, í fyrsta skipti til 1. september 1993. Sá sem tilnefndur er af yfirlækni skal ekki sitja lengur en 6 ár í senn.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Gjaldkeri hennar skal hafa á hendi vörslu sjóðsins.

### 6. gr.

Stjórn sjóðsins úthlutar úr sjóðnum og metur þörf umsækjenda.

### 7. gr.

Reikningsár sjóðsins skal vera 1. september til 31. ágúst. Reikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.

### 8. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari má gera, ef það telst nauðsynlegt, eða málefnum krabbameinssjúkra barna til hagsbóta. Engin breyting á skipulagsskránni tekur þó gildi, nema fyrir liggi samþykki einfalds meirihluta stjórnarmanna.

### 9. gr.

Verði sjóðurinn lagður niður, skulu eignir hans renna til barnadeildar Landspítalans.

## 10. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari, sbr. lög nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 15. febrúar 1993.*

F. h. r.

**Þorsteinn Geirsson.**

*Fanney Óskarsdóttir.*

3. febrúar 1993

Nr. 76

## GJALDSKRÁ

### yfir þjónusturannsóknir sem Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði annast.

1. gr.

Gjald Tilraunastöðvarinnar fyrir útselda ráðgjöf og sérfræðiþjónustu skal vera sem hér segir:

Sérfræðingur . . . . .	3 200 kr/klst.
Aðstoðarmaður . . . . .	1 800 kr/klst.

2. gr.

Gjald fyrir móttöku sýnis, undirbúning fyrir rannsókn og svarbréf með niðurstöðum er kr. 950.

Þegar um er að ræða fleiri en eitt sýni sama eðlis frá sama eiganda/aðila er aðeins tekið móttökugjald fyrir fyrsta sýni.

3. gr.

Gjald fyrir rannsóknir á innsendum sýnum sem stofnunin annast í dagvinnutíma skal vera sem hér segir:

1. Krufningar

nautgripir . . . . .	4 000
hross . . . . .	5 000
svín (fullorðin) . . . . .	3 000
svín (sláturgrísir) . . . . .	2 000
svín (smágrísir) . . . . .	1 000
sauðfé . . . . .	2 000
lömb . . . . .	1 000
hundar, kettir . . . . .	2 000
refir . . . . .	1 000
minkar . . . . .	500
hænsni . . . . .	500
önnur smádyr . . . . .	500

2. Líffæri

Skoðun á líffærum (per dýr) . . . . .	500
---------------------------------------	-----